

20.2.2013

Á fundi umhverfisnefndar Ísafjarðarbæjar var tekin fyrir tillaga til þingsályktunar um breytta framtíðarskipan refaveiða á Íslandi, 84. mál.
Eftirfarandi var bókað:

Umhverfisnefnd leggur áherslu á að það eigi að vera hlutverk ríkisins að halda ref og mink í skefjum og að ríkið beri af því allan kostnað.

Umhverfisnefnd telur æskilegt að rannsóknir og veiðistjórnun verði á einni hendi á ábyrgð ríkisins.

Bæjarráð tók erindið fyrir á fundi sínum þann 18. febrúar sl. eftirfarandi var bókað.

Lagt fram bréf frá nefndarsviði Alþingis dagsett 7. febrúar sl., ásamt tillögu til þingsályktunar um breytta framtíðarskipan refaveiða á Íslandi, 84. Mál. Jafnframt eru lagðar fram upplýsingar frá refaveiðimönnum í Ísafjarðarbæ.

Bæjarráð felur bæjarstjóra að senda umsögn byggða á afgreiðslu umhverfisnefndar um málið.

Bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar bað undirritaðan að senda umsögn Ísafjarðarbæjar um málið.

- Í Ísafjarðarbæ er friðland sem nær út botni Hrafnfjarðar um Skorarheiði í botn Furufjarðar. Í reglum um friðlandið segir í 3. gr. „Leyfi landeigenda, sem í hlut á, þarf til allra veiða, eggjatöku og annarra hlunnindanytjar á svæðinu. Leyfi Umhverfisstofnunar þarf ef eigi er um að ræða hefbundnar nytjar. Hvers konar meðferð skotvopna er öllum bönnuð nema samkvæmt sérstakri heimild sýslumanns, mánuðina júní til september og utan þess tíma einingis heimil landeigendum til hefðbundinna nytja.“ Ekki verður séð skv. þessu að Ísafjarðarbær geti ráðið grenjaskyttu inn á friðlandið nema með leyfi landeigenda, slíkt leyfi er nánast óhugsandi að fá vegna fjölda landeigenda og þá þarf sérstakt leyfi sýslumanns vegna veiðanna.
- Ísafjarðarbær fagnar því að teknar verði aftur upp greiðslur úr ríkissjóði vegna fækkunar refa.
- Ísafjarðarbær er einnig sammála því að rannsóknir verði á hendi vísindamanna, en skipulagning og stjórnun verði á einni hendi t.d. Umhverfisstofnunar. Umhverfisstofnun getur svo samið við t.d. Samband íslenskra sveitarfélaga um skipulagningu veiðanna. Ekki verður séð hvernig veiðistjórnin, skipulagning og stjórnun geti verið á hendi veiðimanna.
- Greiðslur fyrir dýr geta verið þær sömu um allt land en taka þarf tillit til aksturskostnaðar. Í Ísafjarðarbæ er um langan veg að fara til að liggja á greni í Arnarfirði og á Snæfjallaströnd. Kostnaður veiðimanna við að veiða refi/mink á þessum stöðum er mjög mikill og því er orðið erfitt að ráða veiðimenn til að sinna þessum svæðum nema greitt sé kílómetragjald auk greiðslu fyrir hvert dýr.

kveðja

Jóhann Birkir Helgason
sviðstjóri framkvæmda- og rekstrarsviðs

Ísafjarðarbær